

Aðalfundur Samút 2021

Nú er orðið nokkuð langt síðan Aðalfundur hefur verið haldin hér hjá okkur í Samút. Síðasti aðalfundur var líklegat haldinn í maí 2019 og ástæða þess vita nú flestir og þarf ekki að ræða sérstaklega. Að halda aðalfund á netinu er töluvert skrítið en við verðum bara að læra, kannski verður svona fyrirkomulag til þess að við fáum meiri þátttöku í fundum þar sem fólk getur verið heima hjá sér en samt komið sínum skoðunum á framfæri.

Á þessum tveimur árum hefur margt verið að gerast og ýmislegt verið brallað þótt að mest af okkar krafti snúist um Vatnajökul og samskipti við stjórnvöl þá eru ýmis önnur mál sem dúkka upp á yfirborðið.

Á síðustu tveimur árum hafa málefni er snúa að Ferðafrelsinu verið nokkur hæst ber þó að nefna að opnað var gluggi að breytingu á Almennaréttinum og voru haldnir tveir fundir en málið sofna síðan. Einn fundur var haldinn vegna einkalands og umgengin almennings um einkalönd ekkert bitastætt kom út úr því og virðist vera að samtök landeigandi hræðist mikið erlenda fjárfesta sem eru að kaupa lönd hér á landi og loka þeim. Innan þeirra raða held ég að við eigum góðan stuðning við almennaréttin sem tekur sterklega á frjálsri för um óræktað land. Efni þessara funda var líka varðandi ræktun á landi og hvenær land væri í ræktun. Veit ekki hvort þið skiljið hvert ég er að fara en í Almennaréttarákvæði getur landeigandi lokað landi sýnu ef hann er að rækta það en þó ekki endalaust minnir að hann fái tvö ár til að koma upp gróðri.

Friðlandið að Fjallabaki lenti að hlut inn á borði hjá okkur en Landsamban vélsleðamanna og Ferðaklúbburinn 4x4 fóru fyrir hönd vélknúinnar umferðar og Útivist fór sem hagsmunaraðili þar inn og með gönguhópum. Umhverfisstofnun sem var með málið var mjög samvinnufús og tókst mjög vel að ganga frá þeim málum er snéru að útivistarfólki.

Stórt málefni kom fram á tímabilinu en það er Miðhálandisþjóðgarður en það mál er mjög víðfermt og kemur margt til kasta útivistarfólks er snýr að Miðgarði eins og hann er oft kallaður. Stjórnarfolk í Samút tók þó þá ákvörðun að Samút skyldi vera hlutlaust í málefnum Miðhálandisþjóðgarðsins en hvert félag fyrir sig tæki ákvörðun með eða á móti garðinum. En reyndar sendi Samút inn athugasemd um þjóðgarðinn en í henni var ekkert tekið á hvort þjóðgarður yrði stofnaður eða ekki.

Nokkuð margir fundir hafa verið haldnir bæði með stjórn eða fulltrúum okkar í svæðisráðum og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. En mjög gott flæði hefur verið á milli fulltrúa svæðisráða undanfarið þar sem fundað hefur verið á netinu í hádeginu en það virðist virka mjög vel sá tími og er vel sótt á fundina.

Málefni Vonarskarðsins fór mikið fyrir og urðu miklar breytingar á þeirri baráttu sem einkennt hefur Vonarskarðið í gegnum árið en þar fremstur í hópi fer Snorri Baldursson en hann stofnaði umhverfissamtök og fékk Sif nokkra til að útbúa lögfræðilít um málefni skarðsins. Margt í þeirri greinagerð voru rangfærslur og ekki faglega fram sett og varð það úr að við fengum okkur lögfræðing Jón Jónsson sem vinnur hjá Sókn lögmönnum á Egilsstöðum og vann hann með okkur greinagerð sem við sendum inn til þjóðgarðsins og fengum nokkra umfjöllun um málið. Einnig sendum við inn athugasemd við skráningu UNESCO en þar var greinilegur mismunur á í umsókninni þar sem verndargildi Vonarskarðsins var sett fram.

Í miðri þessari viku mun ég ásamt Snorra og Skúla funda rafrænt með forsvarsmönnum Ásahrepps og mun Vonarskaðs málið vera fyrir ferðar mest þar. Ástæða þess að við höfum það þannig að ég Snorri og Skúli hittum þá er til að toga ekki þá miklu togstreitu sem búin er að vera í svæðiráði vesturs núna í vetur en Karl Ingólfsson mun örugglega koma inn á það í sinni skýrslu.

Það hefur verið mikil vinna hjá svæðisráðunum hjá okkur núna á síðustu misserum og verður fróðlegt að hlusta á skýrslur þeirra fulltrúa sem flytja okkur skýrslur hér á eftir undir liðnum önnur mál.

Um leið og ég þakka öllum fulltrúum og stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á liðnum árum þá langar mig að segja að á þessum skýrtu tímum þá höfum við lært nýja tækni fjartækni sem við eigum að nýta okkur í framtíðinni því það virðist vera miklu betra að fá fólk til að koma á fundi hjá Samút með fjartækni heldur en fundum einhverstaðar í Reykjavík. Þeir sem búa fjarri höfuðborginni geta líka tekið virkan þátt í starfi félagsins og hafa miklu meiri möguleika. Samút er félag á landsvísu og mun þessi tækni styrkja félagið mun betur og gefa okkur betri möguleika á að vinna saman sem heild. En þannig verður félagið sterkara og við sem erum hér í Reykjavík að funda með stjórnvældum getum komið upplýsingum strax á framfæri og þá í töluðu máli frekar en skriflegu. Höldum áfram á þessari braut ég tel hana vera okkur og Samút til heilla.

Sveinbjörn Halldórsson

Formaður Samút